

Fjarðabyggð
Valur Sveinsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 20. apríl 2015
UST201503-213/B.S.


Efni: Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 - landfylling við Norðfjarðarhöfn. Umsögn


Vísað er til bréfs Fjarðabyggðar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna landfyllingar við Norðfjarðarhöfn, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Naust 1 og umhverfisskýrslu.

Ný landfylling er áformuð norðaustan við núverandi hafnarmannvirki. Ströndin er manngerð og með grjótvarnargarði. Á nýju hafnarsvæði er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umræddar breytingar á aðalskipulagi Fjarðabyggðar. Stofnunin telur einnig að í umhverfisskýrslu sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem fyrir áhrifum geta orðið vegna umræddra breytinga.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymistjóri